**Tillaga til 434. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 21. mars 2019**

Tillaga 1054. fundar bæjarráðs um að samþykkja erindisbréf starfshóps um skipulag útvistarsvæða í Tungu- og Seljalandsdal. Enn fremur leggur bæjarráð til við bæjarstjórn að samþykkja tillögur að breytingum á skipan starfshópsins, þannig að starfshópinn skipi formaður umhverfis- og framkvæmdanefndar, formaður íþrótta- og tómstundanefndar, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs, skipulags- og byggingarfulltrúi og forstöðumaður Skíðasvæðis Ísafjarðar.

**4. Framtíðarskipulag útivistarsvæðis í Skutulsfirði - 2017030089**

Lagt er fram minnisblað Guðmundar Gunnarssonar, bæjarstjóra, dags. 15. mars sl., með tillögum að breytingum á starfshópi um skipulag útivistarsvæða í Tungu- og Seljalandsdal, ásamt tillögu að erindisbréfi starfshópsins.

*Bæjarráð vísar erindisbréfinu til samþykktar í bæjarstjórn með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum. Enn fremur leggur bæjarráð til við bæjarstjórn að samþykkja tillögur að breytingum á skipan starfshópsins, þannig að starfshópinn skipi formaður umhverfis- og framkvæmdanefndar, formaður íþrótta- og tómstundanefndar, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs, skipulags- og byggingarfulltrúi og forstöðumaður Skíðasvæðis Ísafjarðar.*